



401. Stjórnarfundur haldinn 29. nóv. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), og
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Afrit af bréfi frá formanni sundráðs ÍRB Sigurbjörgu Róbertsdóttur v/yfirlýsingar og samkomulags sem sundráð ÍRB hefur gert. Málið er trúnaðarmál.

Tölvupóstur frá ritar ÍRB Guðbergi Reynissyni v/íþróttamanns Reykjanesbæjar 2012.

3. Send bréf.

Erindi sent í tölvupósti á allar stjórnir félagsins v/íþróttamanns Keflavíkur,
Reykjanesbæjar og fjölda Íslandsmeistara.

4. Jólblað.

EH sagði frá því að jólblaðið væri tilbúið og er farið í prentun. Blaðið er fjórtíu síður. Opnuviðtalið er við þá Guðfinn Sigurvinsson og Björn Jóhannsson. Bláinu dreift helgina 7. – 9. des. Sunddeild sér um dreifingu.

5. Hringbraut 108.

Fyrir fundinum lá samningur vegna leigu á Hringbraut 108 til handa Guðbjörgu Jónsdóttur frá 1. febrúar til 31. desember 2013. *Samningurinn samþykktur.*

6. Peningaleg staða aðalstjórnar og ávöxtun hennar.

EH og PMK sögðu frá fundi sem þeir áttu með útibústjóra LÍ í Keflavík. Fram kom að fé félagsins væri vel ávaxtað og ekki væri ástæða til breytinga.

7. Íþróttamaður og menn Keflavíkur.

EH sagði frá því að búið væri að senda á allar stjórnir v/tilnefningar á íþróttamanni hvernar deildar og Íslandsmeisturum sem skila ætti fyrir 10. desember. Hóf til handa íþróttamönnum og manni Keflavíkur verður 27. desember 2012.

8. Önnur mál.

Framkvæmdastóra falið að kaupa jólasbraut í glugga á skrifstofu aðalstjórnar.

EH sagði frá því að búið væri að panta 45 K-hettupeysur. **Ákveðið að verðið væri áfram sexþúsund krónur.**

EH sagði frá málþingi sem hann sótti ásamt Snorra Jónssyni þjálfara mfl.kv. í knattspyrnu v/brottfalls stúlkna á aldrinum 12-13 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

Fundinn ritaði SG

